Reglur um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

1. gr.

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags frá 25. janúar 2013 og viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags frá 27. janúar 2012.

2. gr.

Nemendur sem eiga lögheimili í Húnabyggð skulu að jafnaði stunda nám í leik- eða grunnskóla í sveitarfélaginu Húnabyggð.

Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, eftir að hann hefur hafið skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á því að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins.

Að öllu jöfnu getur nemandi ekki sótt skóla í tveimur sveitarfélögum samtímis. Aðstæður nemandans geta hins vegar kallað á að frá þessu sé vikið með sérstöku samkomulagi. Ákvörðun í þessu efni er þó alltaf háð yfirlýstu samþykki beggja sveitarfélaga og að teknu tilliti til hagsmuna nemandans.

3. gr.

Skóla- eða leikskólavist í öðru sveitarfélagi er undantekning frá almennri reglu um skólasókn í lögheimilissveitarfélagi. Um er að ræða tímabundna ráðstöfun sem skal einungis veitt ef um sérstakar aðstæður er að ræða sem hamla skólasókn nemandans í Húnabyggð. Sveitarfélagið Húnabyggð heimilar að jafnaði skólavist nemenda í öðrum sveitarfélögum við eftirfarandi aðstæður:

a) Forsjáraðili/ar nemanda í grunnskóla stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
b) Forsjáraðili/ar nemanda í grunnskóla stunda tímabundin störf fjarri lögheimili.
c) Nemandi er vistaður í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
d) Mælt er með því af sérfræðiþjónustu/félagsmálayfirvöldum að nemandi sæki skóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.
e) Nemandi í grunnskóla flytur lögheimili eftir skólabyrjun að hausti og óskað er eftir að hann fái að ljúka námi í þeim grunnskóla, til loka skólaársins. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.
f) Öðrum sérstökum og málefnalegum aðstæðum sem ekki eru taldar upp í liðum a-e.

Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár. Við mat á umsókn skal ávallt litið til hagsmuna þess barns sem á í hlut.

4. gr.

Húnabraut 5
540 Blönduós

Sækja skal um skólavist utan lögheimilissveitarfélags í íbúagátt Húnabyggðar. Miðað er við að umsóknir frá eftirtöldum aðilum séu teknar til umfjöllunar:

a) Forsjáraðila barns/nemanda sem fer eitt með forsjá þess.
b) Öðru hvoru foreldri barns/nemanda sem fara sameiginlega með forsjá þess og foreldrar eru í hjúskap eða sambúð.
c) Því foreldri sem barn á lögheimili hjá þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá þess og hafa samið um lögheimili og fasta búsetu hjá öðru þeirra.
d) Barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags skal senda inn fyrir 15. apríl ár hvert.

Til að umsókn teljist að fullu samþykkt þurfa bæði lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag að samþykkja umsóknina skriflega. Það er á ábyrgð forsjáraðila skv. 1. mgr. 4. gr. reglna þessara að hafa samband við viðtökusveitarfélag.

Byggðarráð Húnabyggðar afgreiðir umsóknir um skólavist í leik- og grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags sem síðan skulu staðfestar í sveitarstjórn. Með samþykkt á umsókn um skólavist í leik- og grunnskólum utan Húnabyggðar, staðfestist jafnframt greiðsluskylda Húnabyggðar vegna skólavistar nemandans. Greiðslubyrði vegna skólavistar nemanda fellur ekki á sveitarfélagið án samþykki þess.

5. gr.

Þegar heimild er veitt skv. 3. gr. til náms í leik- eða grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags, skal samhliða samið um allar greiðslur. Greiðslur Húnabyggðar með vegna skólavistar barna í leik- og grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags miðast við viðmiðunargjaldskrá sem útgefin er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í gjaldinu er falinn allur almennur skólakostnaður annar en húsnæðiskostnaður og sá viðbótarkostnaður sem sannanlega fellur til vegna nemandans sérstaklega. Um þann kostnað skal samið sérstaklega um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags svo og um annan kostnað sem er sannarlega umfram greiðslur.

Þarfnist nemandi sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings (t.d. vegna sérfræðiþjónustu, sérstakrar íslenskukennslu innflytjenda o.fl. sem sannarlega telst umfram almennan skólakostnað) skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemandans. Með sama hætti skal semja um aðra liði sem eru sannarlega umfram viðmiðunargjaldið.

Ef barn stundar nám í skóla eða leikskóla þar sem gjöldin eru hærri en viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga skal niðurgreiðsla Húnabyggðar samt sem áður miðuð við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og hún er hverju sinni.

Húnabraut 5
540 Blönduós

Um greiðslur lögheimilissveitarfélags vegna skólavistar barns í tímabundnu fóstri fer skv. ákvæðum barnaverndarlaga, grunnskólalaga, reglugerð nr. 547/2012 með síðari breytingum um skólagöngu fósturbarna og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem við á.

Forsjáraðili skv. 1. mgr. 4. gr. reglna þessara skal ávallt sjá um allan flutning nemanda til þess skóla sem viðkomandi nemandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir.

6. gr.

Við afgreiðslu umsókna vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags skal tekið mið af innritunaraldri barna í leikskóla Húnabyggðar. Húnabyggð niðurgreiðir ekki fyrir leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi fyrir börn sem ekki falla undir viðmið um innritunaraldur í leikskóla Húnabyggðar.

7. gr

Samþykki Húnabyggð umsókn vegna grunnskólanáms nemanda utan lögheimilissveitarfélags gildir sú samþykkt aðeins fyrir yfirstandandi/komandi skólaár, þ.e. að hámarki frá miðjum ágúst til loka maí ár hvert, hvort heldur sem nemandi stundar nám við Húnaskóla eða í öðru sveitarfélagi.

Samþykki Húnabyggð umsókn vegna leikskólanáms nemanda utan lögheimilissveitarfélags gildir sú samþykkt aðeins fyrir yfirstandandi/komandi skólaár. Við þá viðmiðun skal fylgja skóladagatali viðkomandi leikskóla.

Til þess að auðvelda móttöku nemanda í viðtökusveitarfélagi skulu öll nauðsynleg gögn send milli hlutaðeigandi skóla. Persónuverndarsjónarmiða skal gætt í allri meðferð gagnanna.

8. gr.

Sé umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags samþykkt hjá Húnabyggð, skal senda tilkynningu þess efnis til viðtökusveitarfélags eða til þess sveitarfélags sem óskaði eftir að nemandi fengi að stunda nám í Húnaskóla.

Verði því við komið skal senda umsókn um skólavist fyrir 10. maí til viðtökusveitarfélags og skal þá svar berast lögheimilissveitarfélagi fyrir 1. júní. Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Komi óskir fram það seint að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skulu aðilar hraða afgreiðslu sem kostur er. Forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemenda í viðtökuskóla og Húnabyggð sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

Húnabraut 5
540 Blönduós

9. gr

Afgreiðsla Húnabyggðar á umsókn um skólavist nemanda utan lögheimilissveitarfélags er stjórnvaldsákvörðun og er meðferð málsins bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með síðari breytingum.

Reglur þessar voru samþykktar í byggðarráði Húnabyggðar þann 16. september 2026
Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Húnabyggðar þann 13. október 2026.

Svavar Pálsson sveitarstjóri

Húnabraut 5
540 Blönduós